

halda uppi stöðugum skattskyldum samkomum, til dæmis kvikmyndaafjelög, leikfjelög o. s. frv. Einnig er hreppsnefnd heimilt að veita undanþágu frá skattgreiðslu, í eitt skifti í senn, fyrir skemtanir eða samkomur, sem haldnar eru í sjerstöku góðgerða- eða fræðsluskyni. 5

9. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum frá 100—1000 krónur. Mál, sem rísa útaf brotum á reglugjörðinni, skal farið með sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Reglugjörð þessi er samin af hreppsnefnd Keflavíkurhrepps, og öðlast gildi þegar dómsmálaráðherra hefir staðfest hana.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, til að öðlast gildi 1. mars 1925, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. febrúar 1925.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Sigfús M. Johnsen.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Styrtarsjóðinn 6
Vigdísarminning, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 21. febrúar 1925. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Styrtarsjóðinn Vigdísarminning.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vigdísarminning, og er stofnaður af samskotum til minningar um Vigdísí Jónsdóttur húsfreyju frá Deildartungu, sem fæddist þar 24. mars 1843, og þó þar 15. júlí 1914. Sjóðurinn er eign Reykholtisdals-hrepps.

6

2. gr.

21. febr.

Sjóðurinn, sem nú er 343 kr. 57 aurar, með sparisjóðsvöxtum í Landsbankanum til 31. des. 1921, skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Leggjast allir vextir við höfuðstól, uns hann er orðinn 800 krónur. Eftir það má verja $\frac{1}{4}$ árlegra vaxta til styrktar fátækum börnum í Reykholtshreppi. Styrk má veita barni til fullra 14 ára aldurs. Fyrst um sinn skal styrkurinn helst vera í fatnaði. En síðan, er fjeð eykst, skal styrk veita til hverskonar andlegs eða líkamlegs viðgangs og menningar barnanna, og eins til uppfósturs þeim að nokkru eða öllu. Þá má og verja styrknum meðfram á einn eða annan hátt til góðs fyrir unglinga til tvítugs. Úr því að ársvextir alls ná 100 krónum, skal leggja $\frac{1}{4}$ hluta vaxta árlega við höfuðstól, en verja hinu samkvæmt tilgangi sjóðsins. Styrk skal úthluta á fæðingardag Vigdísar Jónsdóttur, 24. mars, og við þann dag miðast reikningsár sjóðsins.

3. gr.

Prestskonan í Reykholti skal geyma viðskiftabók Vigdísarminningar við Söfnunarsjóðinn, þar til minningarsjóðurinn getur tekið til starfa. Þá gengst hún fyrir, að konur í hreppnum tvítugar og eldri, kjósi á fundi þrjár úr sínum hópi til að stjórna sjóðnum og úthluta styrk úr honum 3 ár í senn. Ein kona skal ganga úr stjórn á hverju ári, eftir hlutkesti tvö fyrstu árin. Stjórnin skiftir með sjer formanns-, ritara- og gjaldkerastörfum eftir samkomulagi. Hún starfar þóknunarlaust, en taka má af árstekjum útlagðan kostnað. Fund til kosninga skal halda í maí eða júní árlega. Þá skal leggja fram reikning liðins reikningsárs, endurskoðaðan af kosnum endurskoðara, og ræða málefni, er sjóðnum geta komið við.

4. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Gert í Reykholti í febrúar 1922.

Ástríður Pálsdóttir (handsalað).

Snjáfríður Pjetursdóttir.

Jóhanna Eggertsdóttir.